

Hafnarfjarðarbær
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

B.t. bæjarstjóra

Straumsvík 6. desember 2019

Efni: Öryggissvæði í stað þynningarsvæðis í kringum álverið í Straumsvík og endurnýjun starfsleyfis

ISAL vinnur um þessar mundir að gerð nýs starfsleyfis en núverandi leyfi rennur út 1. október 2020. Umhverfis og auðlindaráðuneytið hefur nýverið farið þess á leit við Umhverfisstofnun að ekki verði gert ráð fyrir þynningarsvæði í starfsleyfum álvera héðan í frá og því er unnið út frá því að svo verði í nýju starfsleyfi ISAL.

Þrátt fyrir að ekki verði þynningarsvæði í kringum athafnasvæði ISAL er mikilvægt að í kringum svæðið sé skilgreint viðeigandi öryggissvæði þar sem skýrð verða mörk leyfilegrar starfsemi og íbúabyggðar. Var slíkt öryggissvæði rætt á fundi ISAL og Hafnarfjarðarbæjar 13. febrúar 2019.

ISAL óskar að eiga viðræður við Hafnarfjarðarbæ um skilgreiningu á slíku svæði með gagnkvæma hagsmuni fyrirtækisins og bæjarins að leiðarljósi. Enn fremur vill fyrirtækið gera bæjaryfirvöldum grein fyrir framvindu vinnu við endurnýjun á starfsleyfi fyrirtækisins.



F.h. Rio Tinto á Íslandi hf.,
Bjarni Már Gylfason